

FRÉTTAPISTILL SIGURJÓNS GUÐNASONAR
ÍBÚA Á 1. HÆÐ UM ÁRSHÁTÍÐ
STARFSMANNAFELAGSINS

Í október fréttist að starfskonur í Sóltúni væru búnar að ákveða að halda árshátíð sína laugardaginn 6. nóvember og búnar að tryggja sér Víkingasal Loftleiðahótel.

Þegar um mánaðarmótin mátti sjá að einhver gleðiundirbúningur var í gangi. Starfskonur sungu og stigu dansspör þegar þær gengu um húsið og leyndi sér ekki tilhlökkunin. Ekki mun tilviljun hafa ráðið að þær völdu þennan dag til að skemmta sér því að samkvæmt almanakinu átti nýtt tungl að springa út 6. nóvember, en eins og margir vita verða konur og karlar fyrir örvandi áhrifum með nýju tungli.

Oft eru vandamál að komast að og frá skemmtistöðum, en á einhvern hátt leystust þau mál og allir komust á áfangastað, kátar konur með karla sér við hlið. Eins og venja er, hófst skemmtunin með borðhaldi og var á borðum lostæt steik ásamt ýmsu öðru góðgæti, dreypt var á dýrum veigum til þess að örva matarlystina.

Eftir góða máltíð færðist þrek og þor í mannskapinn og hljómuðu nú sönguraddir um allan salinn. Auk fjöldasöngs, söng dóttir starfskonu í Sóltúni við gítarundirleik og vakti fögnuð áheyrenda. Þar næst hófst dansinn með miklum tilþrifum og ærslagangi. Greinilega höfðu þátttakendur mikla þörf fyrir að hreyfa sig. Ekki var dansaður hringdans, en á einhvern gáskafullan hátt skiptu konur um dansherra og varð af mikið gaman. Að þessu sinni sá starfslið þriðju hæðar um árshátíðina og þótti standa sig vel. Ekki verður hér sagt frá einstökum atburðum skemmtunarinnar, en sagt er að hún hafi að mestu farið sómasamlega fram.

Sigurjón Guðnason C-103, Sóltúni 2

Aðstandendur geta fengið sendar auglýsingar í tölvupósti, um uppákomur í Sóltúni. Vinsamlegast hafið samband við móttökuna.

Aðstandendur geta fengið raflykil að útidrym gegn vægu skilgjaldi í móttöku Sóltúns.

FRÉTTIR ÚR SÓLTÚNI

30.11.2010

JÓLAHLAÐBORD SÓLTÚNS 2010

30. nóvember kl. 12 fyrir íbúa á 3. hæð og gesti þeirra
2. desember kl. 11:30 fyrir íbúa á 2. hæð og gesti þeirra
7. desember kl. 12 fyrir íbúa á 1. hæð og gesti þeirra

Jólahlaðborðin eru haldin í samkomusalnum.

Matseðill

Kaldur diskur—forréttir

Jólasíld með eggji

Reyktur og grafinn lax með sinnepssósu
Brauð og smjör

Kjötréttir—aðalréttir

Paté á salatbeði með bláberjasósu og rauðbeðum
Hamborgarahryggur með brúnuðum kartöflum, rauðkáli, rifshlaupi
og brúnni sósu

Eftirréttir

Appelsínu fromas
Kaffi og konfekt

Drykkir

Maltöl, appelsín og pilsner



Íbúar geta boðið með sér gestum og er verð fyrir þá 2.500.-

JÓLAHLAÐ-
BORDIN 1

ADVENTUDAG-
SKRÁ 2

JÓLA-
SKREYTINGAR
OG JÓLARÓSIR 3

SKIPULAG
FYRIR JÓLA-
HÁTÍÐINA 3

FRÉTTAPISTILL
UM ÁRSHÁTÍÐ
STARFSNANNA-
FÉLAGSINS 4

VIÐ LEGGJUM
ÁHERSLU Á:

- Sjálfræði einstaklingsins
- Virðingu fyrir einkalífi
- Að athafnaþrá sé mætt
- Öryggi og vellíðan
- Að starfsemin sé í stöðugri endurskoðun
- Virkt gæðaeftirlit með þjónustu

AÐVENTUDAGSKRÁIN

Margt skemmtilegt er á dagskrá á aðventunni. Oft bætast við fleiri uppákomur og verða þær þá auglýstar sérstaklega á heimasíðunni og með auglýsingum innanhúss.


- 29. nóvember kl. 10:00 Laufabrauðsbakstur á 1. hæð DE álmu
- 30. nóvember kl. 12:00 Jólahaðborð íbúa á 3. hæð í samkomusal
- 01. desember kl. 10:00 Smákökubakstur á 3. hæð BC álmu
- 02. desember kl. 11:30 Jólahaðborð íbúa á 2. hæð í samkomusal
- 03. desember kl. 10:00 Smákökubakstur á 1. hæð
- 03. desember kl. 10:00 Smákökubakstur á 3. hæð DE álmu
- 06. desember kl. 10:00 Laufabrauðsbakstur á 3. hæð BC álmu
- 07. desember kl. 12:00 Jólahaðborð íbúa á 1. hæð í samkomusal
- 07. desember kl. 14:30 Kórinn Ekkó syngur í samkomusalnum
- 09. desember kl. 10:00 Smákökubakstur á 2. hæð
- 10. desember kl. 12:00 Jólahaðborð starfsfólks í samkomusal
- 10. desember kl. 14:30 Gleðistund í sal með barnkór Laugarness
- 14. desember kl. 13:00 Jólasala íbúa í samkomusal, boðið verður uppá heitt kakó, randalínur og smákökur, sannkölluð hátíðarstemning
- 17. desember eigum við vona á nemendum frá Tónlistarskóla Seltjarnarness, nánar auglýst síðar
- 20. desember kl. 14:00 verður Jólabingó í samkomusalnum
- 21. desember kl. 14:30 Karlakórinn Kátir karlar í samkomusalnum
- 23. desember kl. 12:00 Skötuveisla á Þorláksmessu í borðstofum
- 24. desember kl. 14:00 Guðþjónusta á aðfangadegi jóla í samkomusal

JÓLAKERTASKREYTINGAR OG JÓLARÓSIR

Þar sem margir íbúanna í Sóltúni búa við skerta getu til að bregðast við skyndilegum atvikum vegna heilsufars, þá hefur ekki þótt áhættandi að leyfa lifandi kertaskreytingar í Sóltúni vegna eldhættu. Í stað þess notum við rafljós og gervikerti með batterísljósum til að ná fram hátíðarstemningu. Lifandi jólarósir eru miklir ofnæmisvaldar og því ekki æskilegt að koma með þær í Sóltún því margir íbúanna hafa ofnæmi fyrir þeim.

JÓLALJÓSIN Í BÆNUM

Að venju á aðventunni verða farnar nokkrar ferðir í bæinn á Sóltúnsbílnum til að skoða jólaljósina og aðventuskreytingarnar í bænum.



SKIPULAG FYRIR JÓLAHÁTÍÐINA

Eins og á öðrum heimilum, þá þurfa íbúar og ættingar þeirra að huga að sparifatnaði fyrir hátíðarnar og setja föt í hreinsun tímanlega ef þarf. Ennfremur þarf að gæta að því að panta tímanlega klippingu og/eða hárgreiðslu eftir því sem við á. Þeir sem skreppa í heimsóknir til fjölþjónustu fyrir fatlaða, einnig að huga að því í skyldu og þurfa ferða- eða sérstakan leigubíl þurfa góðum tíma.



Rétt er að benda á að bæði hárgreiðslustofan og fótaaðgerðastofan í Sóltúni hafa til sölu gjafakort allt árið. Það hefur örugglega líka hann Gunnar nuddari og snyrtistofa Eyglóar sem þjónusta íbúa Sóltúns reglulega.